

NANCY PEYSA ÚR PEER GYNT



Peer Gynt er ómeðhöndluð 100% norsk ull sem heldur sér frábærlega. Hlý, mjúk og góð ull.

STÆRÐIR (XS) S (M) L (XL) XXL

MÁL Á PEYSU

Yfirvidd: (85) 93 (98) 107 (113) 120 sm.

Sídd: (56) 57 (58) 60 (61) 62 sm.

Ermalengd: 47 sm., eða eins og passar.

GARN

PEER GYNT (100% ómeðhöndluð norsk ull, u.þ.b. 91m)

Brúnt yryótt 2652: (400) 450 (500) 550 (600) 650 gr.

Hvítt 1001/1012: (100) 100 (100) 100 (150) 150 gr.

Fölbleikt 4023: (100) 100 (100) 100 (150) 150 gr.

Okkurgult 2035/Gullinbrúnt 2564: 100 gr. allar str.

Eða veldu þér þína liti á www.tinna.is/garn

PRJÓNAR / FYLGIHLUTIR

Hringprj. og sokkaprj. nr. 3 og 3½ (eða 3 ½ og 4)

Merkihringir, prjónanælur, (8) 8 (9) 9 (10) 10 tölur.

PRJÓNFESTA

22 L. slétt prjón á prjóna nr. 3½ = 10 sm.

Einnig er fallett að prjóna Peer Gynt á prjónastærð

4.

Þá er prjónfestan ca. 20 L á 10 sm.

Við mælum með að prófa hvor prjónastærðin hentar þér.

Alltaf er gott að gera prjónfestuprufu ef breyta á um prjónastærð.

FRAM- OG BAKSTYKKI

Fitjið upp (181) 197 (209) 229 (241) 257 L. með brúnu á hringprjón nr. 3, prjónið 8 sm. brugðningu fram og

til baka 1 sl., 1 br.

Skiptið yfir á hringprjón nr. 3½, prjónið 1 umf. slétt, tengið í hring og **fitjið upp** 5 uppklippil.

Þessar L. eru ekki teknar með í munsturprj. eða í heildarlykkjufjölda.

Prjónið í hring slétt prjón og **munstur A**. Látið merkihr. í hvora hlið, hafið (93) 101 (107) 117 (123) 131 L. í bakstykkinu og (44) 48 (51) 56 (59) 63 L. í hvoru framstykki.

(XS) S (M)

Prjónið slétt með brúnu þar til bolur mælist (36) 37 (38) sm. Prjónið **munstur B**. í síðustu umf. í munstrinu eru felldar af 10 L. í hvorri hlið fyrir handveg (= 5 L. sitthvoru megin við merkihr.).

L (XL) XXL

Prjónið slétt með brúnu þar til bolur mælist 39 (40) 41 sm. Fellið af 10 L. í hvorri hlið fyrir handveg (= 5 L. sitthvoru megin við merkihr.).

Geymið bolinn og prjónið ermar.

ERMAR

Fitjið upp (46) 46 (48) 48 (52) 52 L. með brúnu á sokkaprj. nr. 3, prjónið í hring 8 sm. brugðningu 1 sl., 1 br.

Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 3½, prjónið 1 umf. slétt og aukið í þar sem þarf, þar til (48) 48 (48) 48 (52) 52 L. eru á prjónunum.

Prjónið **munstur A**. Teljið út frá miðju á ermi hvar munstrið byrjar. Prjónið með brúnu og sléttu prjóni, í 1. umf. eftir munstur er **aukið** í svo lykkjufjöldinn verði (49) 49 (48) 48 (53) 52 L.

Látið merkihr. um fyrstu og síðustu L. í umf. = merkil. Aukið í 1 L. sitthvoru megin við merkil. með (4.) 2½. (2.) 1½. (1½.) 1½. sm. millibili alls (8) 13 (15) 19 (18) 19 sinnum = (65) 75 (78) 86 (89) 90 L. á prjónunum.

(XS) S (M)

Prjónið þar til ermin mælist 46 sm., eða þegar vantar 1 sm. upp á passlega lengd, prjónið **munstur B.** Í síðustu umf. í munstrinu eru felldar af 10 L. undir miðermi (= merkil. + 4 L. sitthvoru megin við).

STÆRÐIR (L) XL (XXL)

Prjónið þar til ermin mælist 47 sm., eða eins og passar.

Fellið af 10 L. undir miðermi (= merkil. + 4 L. sitthvoru megin við). Prjónið aðra ermi eins.

BERUSTYKKI

Prjónið ermarnar inn á bolinn = (271) 307 (325) 361 (379) 397 L. á prjóninum.

(L) XL (XXL)

Prjónið **munstur B.**

ALLAR STÆRÐIR

Prjónið **munstur C** = (113) 119 (127) 129 (137) 141 L. á prj. Geymið lykkjurnar á prjónanælu.

FRÁGANGUR

Saumið tvo þétta sauma í saumavél í uppklippiL., klippið upp á milli saumanna.

VINSTRI BOÐUNGUR

Prjónið upp með hringprjón nr. 3 og brúnu u.þ.b. 1 L. í af hverri L./umf., hoppið yfir 4. hverja L. /umf., meðfram vinstri boðung.

Lykkjufj. verður að vera deilanlegur með 2+1.

Prjónið 3 sm. brugðningu fram og til baka þannig: (1.umf. = rangan) 1 sl. kantl., *1 br., 1 sl.*, endurtakið frá *til* út umf., endið á 1 br., 1 sl. kantl.

Fellið af með sl. og br. L.

HÆGRI BOÐUNGUR

Prjónið eins og þann vinstri en gerið (8) 8 (9) 9 (10) 10 hnappagöt jafnað á listann þegar búið er að prjóna 1 sm. Það neðsta u.þ.b. 2 sm. frá brún, og það efsta kemur á hálslíningu sem er prjónuð í lokin.

HNAPPAGAT

Fellið af 2 L., fitjið upp fyrir þeim í næstu umf.

HÁLSLÍNING

Látið L. Af prjónanælunni á hringprjón nr. 3, takið upp 6 L. yfir listunum á boðungum = (125) 131 (139) 141 (149) 153 L. á prjóninum.

Lykkjufj. verður að vera deilanlegur með 2+1.

Prjónið með brúnu 3 sm. brugðningu eins og á boðungum, munið eftir síðasta hnappagatinu.

Fellið af með sl. og br. L.

Saumið saman undir ermum og saumið tölurnar í.

INNAFLEGG

Prjónið upp á röngunni 1 L. í hverja L. í fyrstu umf. á listunum. Prjónið 4 umf. slétt fram og til baka.

Fellið af. Leggið listann yfir sárið og saumið niður, passið að sporin sjáist ekki.

Þú færð garnið m.a. á www.tinna.is – JYSK verslunum og Rokku í Fjarðarkaup.

